

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 178/2010

2011/EES/5/23

frá 2. mars 2010

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 401/2006 að því er varðar jarðhnetur, önnur olíufræ, trjáhnetur, apríkósukjarna, lakkris og jurtaolíu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón afsáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum <sup>(2)</sup> er kveðið á um hámarksgildi fyrir tiltekin sveppaeiturefni í sumum matvælum.
- 2) Nákvæmni mælinga á innihaldi sveppaeiturs ræðst einkum af sýnatökunni því að dreifing sveppaeiturs er mjög misleit í hverri framleiðslueiningu. Nauðsynlegt er því að setja almennar viðmiðanir sem sýnatökuaðferðin skal samræmast.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum <sup>(3)</sup> er kveðið á um viðmiðanir vegna sýnatöku í tengslum við eftirlit með innihaldi sveppaeiturs.
- 4) Nauðsynlegt er að breyta tilteknum ákvæðum varðandi sýnatöku til að mæla magn aflatoxína í tilteknum tegundum matvæla til að taka tillit til þróunar í alþjóðamatvælaskránni og hámarksgilda sem nýlega hafa verið ákvörðuð fyrir sveppaeitur í nýjum flokkum matvæla.

- 5) Í alþjóðamatvælaskránni er kveðið á um nýja sýnatökuáætlun fyrir jarðhnetur, möndlur, heslihnetur og pistasíuhnetur, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu, og nýja sýnatökuáætlun fyrir möndlur, heslihnetur og pistasíuhnetur sem eru „tilbúnar til neyslu“ <sup>(4)</sup>.
- 6) Til að auðvelda það að framfylgja ákvæðum um hámarksgildi aflatoxína er rétt að beita ákvæðunum um sýnatöku sem kveðið er á um í alþjóðamatvælaskránni að því er varðar jarðhnetur, möndlur, heslihnetur og pistasíuhnetur sem ætlaðar eru til frekari vinnslu, sem og aðrar trjáhnetur sem ætlaðar eru til frekari vinnslu, og ákvæðunum um sýnatöku sem kveðið er á um í alþjóðamatvælaskránni að því er varðar möndlur, heslihnetur og pistasíuhnetur sem eru „tilbúnar til neyslu“ þegar um er að ræða aðrar trjáhnetur og jarðhnetur sem eru „tilbúnar til neyslu“. Sýnatökufærlið fyrir trjáhnetur skal einnig eiga við um apríkósukjarna. Því ber að breyta D-hluta I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 401/2006 til samræmis við það þannig að þar sé aðeins kveðið á um sýnatökufærlið fyrir þurrkaðar fíkjur, sem skal vera óbreytt, en kveða skal á um nýja sýnatökufærlið fyrir jarðhnetur, önnur olíufræ, apríkósukjarna og trjáhnetur í sérstökum hluta viðaukans.
- 7) Hámarksgildi fyrir aflatoxín í olíufræjum, öðrum en jarðhnetum <sup>(5)</sup> og fyrir okratóxin A í kryddi, lakkrisrót og lakkrisútrætti hafa verið fastsett <sup>(6)</sup>. Rétt er að kveða á um sértæk ákvæði um sýnatöku að því er varðar þessa nýju matvælaflokka og vísa til gildandi ákvæða eftir atvikum.
- 8) Sýnataka úr jurtaolíu vegna eftirlits með sveppaeitri hefur tiltekin einkenni og því er rétt að kveða á um sértækar reglur um sýnatöku.
- 9) Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 16.12.2010, bls. 7.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Codex General Standard for Contaminants and Toxins in Foods (CODEX STAN 193-1995) [http://www.codexalimentarius.net/download/standards/17/CXS\\_193e.pdf](http://www.codexalimentarius.net/download/standards/17/CXS_193e.pdf)

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 165/2010 frá 26. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar aflatoxín (Stjtið. ESB L 50 27.2.2010, bls. 8).

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 105/2010 frá 5. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar okratóxin A (Stjtið. ESB L 35 6.2.2010, bls. 7).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 401/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað D-hluta komi texti I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í stað fyrsta málslíðar E-hluta komi eftirfarandi:

„Þessi sýnatökuaðferð er notuð við opinbert eftirlit með fastsettum hámarksgildum fyrir okratoxín A, aflatoxín B1 og heildarinnihald aflatoxína í kryddi.“

3. Í stað G-hluta komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

4. K-hluti, eins og hann er settur fram í III. viðauka við þessa reglugerð, bætist við.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökuþegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

## „D.1. Aðferð við sýnatöku úr þurrkuðum fíkjum

Þessi sýnatökuaðferð er notuð við opinbert eftirlit með fastsettu hámarksgildum fyrir aflatoxín B1 og heildarinnihald aflatoxína í þurrkuðum fíkjum.

## D.1.1 Þyngd hlutasýnis

Þyngd hlutasýnis skal vera um 300 grömm nema kveðið sé á um annað í hluta D.1 í I. viðauka.

Ef um er að ræða framleiðslueiningu í smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

Ef um er að ræða smásölupakkningar yfir 300 grömmum munu safnsýni vega yfir 30 kg. Sé þyngd einnar smásölupakkningar langt yfir 300 grömmum skulu 300 grömm tekin úr sérhverri smásölupakkningu sem hlutasýni. Þetta má gera annaðhvort þegar sýnið er tekið eða á rannsóknarstofunni. Ef slík sýnatökuaðferð hefði óviðunandi, viðskiptalegar afleiðingar vegna skemmda á framleiðslueiningunni (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er þó heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku. Þetta á m.a. við þegar verðmæt vara er sett á markað í smásölupakkningum sem eru 500 grömm eða eitt kg, en þá má safnsýnið vera samsafn færri hlutasýna en tiltekið er í töflum 1, 2 og 3, með því skilyrði að þyngd safnsýnisins samsvari tilskilinni þyngd safnsýnisins sem um getur í töflum 1, 2 og 3.

Ef smásölupakkningin er undir 300 grömmum og ef munurinn er ekki mjög mikill skal ein smásölupakkning teljast eitt hlutasýni, sem gefur safnsýni sem er undir 30 kg. Ef þyngd smásölupakkningarinnar er langt undir 300 grömmum fæst eitt hlutasýni úr tveimur eða fleiri smásölupakkningum þannig að þyngd eins hlutasýnis verði eins nálægt 300 grömmum og mögulegt er.

## D.1.2. Almenn t yfirlit yfir aðferðina fyrir sýnatöku úr þurrkuðum fíkjum

Tafla 1

## Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd framleiðslueininga

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
Þurrkaðar fíkjur	≥ 15	15–30 tonn	100	30
	< 15	—	10–100 (*)	≤ 30

(\*) Ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar, sjá töflu 2 í þessum hluta liðar D.1 í þessum viðauka.

## D.1.3. Aðferð við sýnatöku úr þurrkuðum fíkjum (framleiðslueiningar ≥ 15 tonn)

- Svo fremi hægt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur skal hverri framleiðslueiningu skipt í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 1. Þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhlutanna mest vera 20% meiri en tilgreind þyngd.
- Taka skal sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.
- Fjöldi hlutasýna: 100.
- Þyngd safnsýnis skal vera 30 kg og skal hræra í því og skipta því fyrir mölun í þrjú jafnstór rannsóknarsýni sem hvert vegur 10 kg (þessi skipting í þrjú rannsóknarsýni er óþörf ef um er að ræða þurrkaðar fíkjur sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari meðhöndlun og ef til er búnaður sem gerir það kleift að einsleita 30 kg sýni).
- Hvert rannsóknarsýni, sem vegur 10 kg, skal fínalað sérstaklega og hrært vandlega í því til þess að það verði fullkomlega einsleitt í samræmi við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í II. viðauka.
- Ef ekki er hægt að beita sýnatökuaðferðinni, sem lýst er hér að framan, vegna óviðunandi viðskiptalegra afleiðinga sem skemmdir á framleiðslueiningunni hefðu (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún gefi svo dæmigerð sýni sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún skjalfest.

D.1.4. Aðferð við sýnatöku úr þurrkuðum fíkjum (framleiðslueiningar  $\geq 15$  tonn)

Fjöldi hlutasýna, sem taka á, ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar en skal þó minnstur vera 10 sýni og mestur 100 sýni.

Styðjast má við tölurnar í eftirfarandi töflu 2 við ákvörðun á þeim fjölda hlutasýna sem taka skal og síðari skiptingu safnsýnisins.

Tafla 2

**Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga og fjöldi frekari skiptinga safnsýnisins**

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg) (þyngd safnsýnis getur verið breytileg ef um er að ræða smásölupakkningu — sjá lið D.1.1)	Fjöldi rannsóknarsýna úr safnsýninu
$\leq 0,1$	10	3	1 (engin skipting)
$> 0,1 - \leq 0,2$	15	4,5	1 (engin skipting)
$> 0,2 - \leq 0,5$	20	6	1 (engin skipting)
$> 0,5 - \leq 1,0$	30	9 ( $- < 12$ kg)	1 (engin skipting)
$> 1,0 - \leq 2,0$	40	12	2
$> 2,0 - \leq 5,0$	60	18 ( $- < 24$ kg)	2
$> 5,0 - \leq 10,0$	80	24	3
$> 10,0 - \leq 15,0$	100	30	3

- Þyngd safnsýnis skal vera 30 kg og skal hræra í því og skipta fyrir mölun í tvö eða þrjú jafnstór rannsóknarsýni sem hvert vegur  $\leq 10$  kg (þessi skipting í tvö eða þrjú rannsóknarsýni er óþörf ef um er að ræða þurrkaðar fíkjur sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari meðhöndlun og ef til er búnaður sem gerir það kleift að einsleita allt að 30 kg sýni).

Í tilvikum þar sem safnsýnið vegur minna en 30 kg skal því skipt upp í rannsóknarsýni í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar:

- $< 12$  kg: ekki skipt upp í rannsóknarsýni,
- $\geq 12 - < 24$  kg: skipt upp í tvö rannsóknarsýni,
- $\geq 24$  kg: skipt upp í þrjú rannsóknarsýni.
- Hvert rannsóknarsýni skal fínalað sérstaklega og skal hræra vandlega í því til þess að það verði fullkomlega einsleitt í samræmi við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í II. viðauka.
- Ef ekki er hægt að beita sýnatökuaðferðinni, sem lýst er hér að framan, vegna óviðunandi viðskiptalegra afleiðinga sem skemmdir á framleiðslueiningunni hefðu (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún gefi svo dæmigerð sýni sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún skjalfest.

## D.1.5. Aðferð við sýnatöku úr afleiddum afurðum og samsettum matvælum

## D.1.5.1. Afleiddar afurðir með mjög léttum ögnum (einsleit dreifing aflatoxín-mengunar)

- Fjöldi hlutasýna: 100; fyrir framleiðslueiningar undir 50 tonnum skal fjöldi hlutasýna vera 10 til 100, sem ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar (sjá töflu 3).

Tafla 3

## Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
≤ 1	10	1
> 1 – ≤ 3	20	2
> 3 – ≤ 10	40	4
> 10 – ≤ 20	60	6
> 20 – ≤ 50	100	10

- Þyngd hlutasýnis skal vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningar í smásölupakkningum fer þyngd hlutasýna eftir þyngd smásölupakkninganna
- Þyngd safnsýnis = 1 til 10 kg, nægilega vel blandað.

D.1.5.2. Aðrar afleiðdar afurðir þar sem kornastærð er tiltölulega mikil (misleit dreifing aflatoxínmengunar)

Aðferð við sýnatöku og samþykki eins og þegar um er að ræða þurrkaðar fíkjur (D.1.3 og D.1.4).

D.1.6. *Sýnataka á smásölustigi*

Sýnataka úr matvælum á smásölustigi skal fara fram, ef hægt er, í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í þessum hluta I. viðauka.

Ef því verður ekki við komið má nota aðrar skilvirkar aðferðir við sýnatöku á smásölustigi, að því tilskildu að þær tryggji að safnsýnið sé nægilega dæmigert fyrir framleiðslueininguna sem sýnið er tekið úr og að henni sé að fullu lýst og hún skjalfest. Í öllum tilvikum skal safnsýnið vera a.m.k. 1 kg (\*).

D.1.7. *Sértæk aðferð við sýnatöku úr þurrkuðum fíkjum og afleiddum afurðum sem seldar eru í lofttæmdum umbúðum*

D.1.7.1. *Þurrkaðar fíkjur*

Taka skal a.m.k. 50 hlutasýni úr framleiðslueiningum sem eru 15 tonn eða þyngri þannig að úr verði 30 kg safnsýni og taka skal 50 % af þeim fjölda hlutasýna, sem tiltekinn er í töflu 2, úr framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn, þannig að þyngd safnsýnisins samsvari þyngd framleiðslueiningarinnar sem sýnið er tekið úr (sjá töflu 2).

D.1.7.2. *Vörur sem unnar eru úr þurrkuðum fíkjum með litla kornastærð*

Taka skal a.m.k. 25 hlutasýni úr framleiðslueiningum sem eru 50 tonn eða þyngri þannig að úr verði 10 kg safnsýni og taka skal 25 % af þeim fjölda hlutasýna, sem tiltekinn er í töflu 3, úr framleiðslueiningum sem eru minna en 50 tonn þannig að þyngd safnsýnisins samsvari þyngd framleiðslueiningarinnar sem sýnið er tekið úr (sjá töflu 3).

D.1.8. *Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta*

Ef um er að ræða þurrkaðar fíkjur sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:

- samþykki ef safnsýnið eða meðaltal rannsóknarsýna samræmist ákvæðum um hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef safnsýnið eða meðaltal rannsóknarsýna fer án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.

Ef um er að ræða þurrkaðar fíkjur sem ætlaðar eru beint til manneldis:

- samþykki ef ekkert rannsóknarsýna fer yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef eitt eða fleiri rannsóknarsýnanna fara án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.

Í tilvikum þar sem safnsýnið er 12 kg eða minna:

- samþykki ef rannsóknarsýnið samræmist ákvæðum um hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef rannsóknarsýnið fer án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.

## D.2. Aðferð við sýnatöku úr jarðhnetum, öðrum olúfræjum, apríkósukjörnum og trjáhnetum

Þessi sýnatökuaðferð er notuð við opinbert eftirlit með fastsettum hámarksgildum fyrir aflatoxín B1 og heildarinnihald aflatoxína í jarðhnetum, öðrum olúfræjum, apríkósukjörnum og trjáhnetum.

### D.2.1. Þyngd hlutasýnis

Þyngd hlutasýnis skal vera um 200 grömm nema kveðið sé á um annað í hluta D.2 í I. viðauka.

Ef um er að ræða framleiðslueiningu í smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

Ef um er að ræða smásölupakkningar yfir 200 grömmum munu safnsýni vega yfir 20 kg. Sé þyngd einnar smásölupakkningar langt yfir 200 grömmum skulu 200 grömm tekin úr sérhverri smásölupakkningu sem hlutasýni. Þetta má gera annaðhvort þegar sýnið er tekið eða á rannsóknarstofunni. Ef slík sýnatökuaðferð hefði óviðunandi, viðskiptalegar afleiðingar vegna skemmda á framleiðslueiningunni (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er þó heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku. Þetta á m.a. við þegar verðmæt vara er sett á markað í smásölupakkningum sem eru 500 grömm eða eitt kg, en þá má safnsýnið vera samsafn færri hlutasýna en tiltekið er í töflum 1, 2 og 3, með því skilyrði að þyngd safnsýnisins samsvari tilskilinni þyngd safnsýnisins sem um getur í töflum 1, 2 og 3.

Ef smásölupakkningin er undir 200 grömmum og ef munurinn er ekki mjög mikill skal ein smásölupakkning talin eitt hlutasýni, sem gefur safnsýni sem er undir 20 kg. Ef þyngd smásölupakkningarinnar er langt undir 200 grömmum fæst eitt hlutasýni úr tveimur eða fleiri smásölupakkningum þannig að þyngd eins hlutasýnis verði eins nálægt 200 grömmum og mögulegt er.

### D.2.2. Almenn yfirlit yfir aðferðina fyrir sýnatöku úr jarðhnetum, öðrum olúfræjum, apríkósukjörnum og trjáhnetum

Tafla 1

#### Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd framleiðslueininga

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
Jarðhnetur, önnur olúfræ, apríkósukjarnar og trjáhnetur	≥ 500	100 tonn	100	20
	> 125 og < 500	5 framleiðsluhlutar	100	20
	≥ 15 og ≤ 125	25 tonn	100	20
	< 15	—	10–100 (*)	≤ 20

(\*) Ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar — sjá töflu 2 í þessum hluta liðar D.2 í þessum viðauka.

### D.2.3. Aðferð við sýnatöku úr jarðhnetum, öðrum olúfræjum, apríkósukjörnum og trjáhnetum (framleiðslueiningar ≥ 15 tonn)

- Svo fremi hægt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur skal hverri framleiðslueiningu skipt í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 1. Þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhlutanna mest vera 20 % meiri en tilgreind þyngd.
- Taka skal sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.
- Fjöldi hlutasýna: 100.

- Þyngd safnsýnis skal vera 20 kg og skal hræra í því og skipta því fyrir mölun í tvö jafnstór rannsóknarsýni sem hvort um sig vegur 10 kg (þessi skipting í tvö rannsóknarsýni er óþörf ef um er að ræða jarðhnetur, önnur olíufræ, apríkósukjarna og trjáhnetur sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari meðhöndlun og ef til er búnaður sem gerir það kleift að einsleita 20 kg sýni).
- Hvert rannsóknarsýni, sem vegur 10 kg, skal fínalað sérstaklega og hrært vandlega í því til þess að það verði fullkomlega einsleitt í samræmi við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í II. viðauka.
- Ef ekki er hægt að beita sýnatökuáðferðinni, sem lýst er hér að framan vegna þeirra viðskiptalegu afleiðinga sem skemmdir á framleiðslueiningunni hefðu (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún gefi svo dæmigerð sýni sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún skjalfest.

D.2.4. Aðferð við sýnatöku úr jarðhnetum, öðrum olíufræjum, apríkósukjörnum og trjáhnetum (framleiðslueiningar < 15 tonn)

Fjöldi hlutasýna, sem taka á, ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar en skal þó minnstur vera 10 sýni og mestur 100 sýni.

Stýðjast má við tölurnar í eftirfarandi töflu 2 við ákvörðun á þeim fjölda hlutasýna sem taka skal og síðari skiptingu safnsýnisins.

Tafla 2

**Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga og fjöldi frekari skiptinga safnsýnisins**

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg) (þyngd safnsýnis getur verið breytileg ef um er að ræða smásölupakkningu — sjá lið D.2.1)	Fjöldi rannsóknarsýna úr safnsýninu
≤ 0,1	10	2	1 (engin skipting)
> 0,1 – ≤ 0,2	15	3	1 (engin skipting)
> 0,2 – ≤ 0,5	20	4	1 (engin skipting)
> 0,5 – ≤ 1,0	30	6	1 (engin skipting)
> 1,0 – ≤ 2,0	40	8 (< 12 kg)	1 (engin skipting)
> 2,0 – ≤ 5,0	60	12	2
> 5,0 – ≤ 10,0	80	16	2
> 10,0 – ≤ 15,0	100	20	2

- Þyngd safnsýnis skal vera að hámarki 20 kg og skal hræra í því og, ef þörf krefur, skipta því fyrir mölun í tvö jafnstór rannsóknarsýni sem hvort um sig vegur ≤ 10 kg (þessi skipting í tvö rannsóknarsýni er óþörf ef um er að ræða jarðhnetur, önnur olíufræ, apríkósukjarna og trjáhnetur sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari meðhöndlun og ef til er búnaður sem gerir það kleift að einsleita allt að 20 kg. sýni).

Í tilvikum þar sem safnsýnið vegur minna en 20 kg skal því skipt upp í rannsóknarsýni í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar:

- < 12 kg: ekki skipt upp í rannsóknarsýni,
- ≥ 12 kg: skipt upp í tvö rannsóknarsýni.
- Hvert rannsóknarsýni skal fínalað sérstaklega og skal hræra vandlega í því til þess að það verði fullkomlega einsleitt í samræmi við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

- Ef ekki er hægt að beita sýnatökuáðferðinni, sem lýst er hér að framan, vegna óviðunandi viðskiptalegra afleiðinga sem skemmdir á framleiðslueiningunni hefðu (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún gefi svo dæmigerð sýni sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún skjalfest.

D.2.5. *Aðferð við sýnatöku úr afleiddum afurðum, að undanskilinni jurtaolíu, og samsettum matvælum*

D.2.5.1. Afleiddar afurðir (nema jurtaolía) með litla kornastærð, s.s. mjöl, hnetusmjör (einsleit dreifing aflatoxínmengunar)

- Fjöldi hlutasýna: 100; fyrir framleiðslueiningar undir 50 tonnum skal fjöldi hlutasýna vera 10 til 100, sem ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar (sjá töflu 3).

Tafla 3

**Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga**

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
≤ 1	10	1
> 1 – ≤ 3	20	2
> 3 – ≤ 10	40	4
> 10 – ≤ 20	60	6
> 20 – ≤ 50	100	10

- Þyngd hlutasýnis skal vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningar í smásölupökkningum fer þyngd hlutasýna eftir þyngd smásölupökkninganna
- Þyngd safnsýnis = 1 til 10 kg, nægilega vel blandað.

D.2.5.2. Afleiddar afurðir með tiltölulega mikla kornastærð (misleit dreifing aflatoxínmengunar)

Aðferð við sýnatöku og samþykki eins og þegar um er að ræða jarðhnetur, önnur olúfræ, apríkósukjarna og trjáhnetur (D.2.3 og D.2.4).

D.2.6. *Sýnataka á smásölustigi*

Sýnataka úr matvælum á smásölustigi skal fara fram, ef hægt er, í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í þessum hluta I. viðauka.

Ef því verður ekki við komið má nota aðrar skilvirkar aðferðir við sýnatöku á smásölustigi, að því tilskildu að þær tryggji að safnsýnið sé nægilega dæmigert fyrir framleiðslueininguna sem sýnið er tekið úr og að henni sé að fullu lýst og hún skjalfest. Í öllum tilvikum skal safnsýnið vera a.m.k. 1 kg.

D.2.7. *Sértæk aðferð við sýnatöku úr jarðhnetum, öðrum olúfræjum, apríkósukjörnum, trjáhnetum og afleiddum afurðum sem seldar eru í lofttæmdum umbúðum*

D.2.7.1. Pistasíuhnetur, jarðhnetur, parahnetur

Taka skal a.m.k. 50 hlutasýni úr framleiðslueiningum sem eru 15 tonn eða þyngri þannig að úr verði 20 kg safnsýni og taka skal 50 % af þeim fjölda hlutasýna, sem tiltekinn er í töflu 2, úr framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn, þannig að þyngd safnsýnisins samsvari þyngd framleiðslueiningarinnar sem sýnið er tekið úr (sjá töflu 2).

D.2.7.2. Apríkósukjarnar, trjáhnetur aðrar en pistasíuhnetur og parahnetur, önnur olúfræ

Taka skal a.m.k. 25 hlutasýni úr framleiðslueiningum sem eru 15 tonn eða þyngri þannig að úr verði 20 kg safnsýni og taka skal 25 % af þeim fjölda hlutasýna, sem tiltekinn er í töflu 2, úr framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn þannig að þyngd safnsýnisins samsvari þyngd framleiðslueiningarinnar sem sýnið er tekið úr (sjá töflu 2).



D.2.7.3. Vörur sem unnar eru úr trjáhnnetum, apríkósukjörnum og jarðhnnetum með litla kornastærð.

Taka skal a.m.k. 25 hlutasýni úr framleiðslueiningum sem eru 50 tonn eða þyngri þannig að úr verði 10 kg safnsýni og taka skal 25 % af þeim fjölda hlutasýna, sem tiltekinn er í töflu 3, úr framleiðslueiningum sem eru minna en 50 tonn þannig að þyngd safnsýnisins samsvari þyngd framleiðslueiningarinnar sem sýnið er tekið úr (sjá töflu 3).

D.2.8. *Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta*

Ef um er að ræða jarðhnnetur, önnur olúfræ, apríkósukjarna og trjáhnnetur sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:

- samþykki ef safnsýnið eða meðaltal rannsóknarsýna samræmist ákvæðum um hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef safnsýnið eða meðaltal rannsóknarsýna fer án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.

Ef um er að ræða jarðhnnetur, önnur olúfræ, apríkósukjarna og trjáhnnetur sem ætlaðar eru beint til manneldis:

- samþykki ef ekkert rannsóknarsýna fer yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef annað rannsóknarsýnanna eða bæði fara án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.

Í tilvikum þar sem safnsýnið er 12 kg eða minna:

- samþykki ef rannsóknarsýnið samræmist ákvæðum um hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef rannsóknarsýnið fer án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.“

---

(\*) Ef magnið til sýnatöku er svo lítið að ómögulegt er að ná safnsýni sem er 1 kg má safnsýnið veða minna en 1 kg.

## II. VIÐAUKI

## „G. AÐFERÐ VIÐ SÝNATÖKU ÚR KAFFI, KAFFIAFURÐUM, LAKKRÍSRÓT OG LAKKRÍSÚTDRÆTTI

Þessi sýnatökuaðferð er notuð við opinbert eftirlit með fastsettum hámarksgildum fyrir okratoxín A í brenndum kaffibaunum, brenndu, möluðu kaffi, uppleysanlegu kaffi, lakkrísrót og lakkrísútdrætti.

## G.1. Þyngd hlutasýnis

Þyngd hlutasýnis skal vera um 100 grömm nema kveðið sé á um annað í þessum G-hluta II. viðauka.

Ef um er að ræða framleiðslueiningu í smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

Ef um er að ræða smásölupakkningar yfir 100 grömmum munu safnsýni vega yfir 10 kg. Sé þyngd einnar smásölupakkningar langt yfir 100 grömmum skulu 100 grömm tekin úr sérhverri smásölupakkningu sem hlutasýni. Þetta má gera annaðhvort þegar sýnið er tekið eða á rannsóknarstofunni. Ef slík sýnatökuaðferð hefði óviðunandi, viðskiptalegar afleiðingar vegna skemmda á framleiðslueiningunni (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er þó heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku. Þetta á m.a. við þegar verðmæt vara er sett á markað í smásölupakkningum sem eru 500 grömm eða 1 kg, en þá má safnsýnið vera samsafn færri hlutasýna en tiltekið er í töflum 1 og 2, með því skilyrði að þyngd safnsýnisins samsvari tilskilinni þyngd safnsýnisins sem um getur í töflum 1 og 2.

Ef smásölupakkningin er undir 100 grömmum og ef munurinn er ekki mjög mikill skal ein smásölupakkning talin eitt hlutasýni, sem gefur safnsýni sem er undir 10 kg. Ef þyngd smásölupakkningarinnar er langt undir 100 grömmum fæst eitt hlutasýni úr tveimur eða fleiri smásölupakkningum þannig að þyngd eins hlutasýnis verði eins nálægt 100 grömmum og mögulegt er.

## G.2. Almenn yfirlit yfir aðferðina við sýnatöku úr brenndu kaffi, brenndu, möluðu kaffi, uppleysanlegu kaffi, lakkrísrót og lakkrísútdrætti

Tafla 1

## Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd framleiðslueininga

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
Brenndar kaffibaunir, brennt, malað kaffi, uppleysanlegt kaffi, lakkrísrót og lakkrísútdráttur	≥ 15	15–30 tonn	100	10
	< 15	—	10–100 (*)	1–10

(\*) Ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar, sjá töflu 2 í þessum hluta þessa viðauka.

## G.3. Aðferð við sýnatöku úr brenndum kaffibaunum, brenndu, möluðu kaffi, uppleysanlegu kaffi, lakkrísrót og lakkrísútdrætti (framleiðslueiningar ≥ 15 tonn)

- Svo fremi hægt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur skal hverri framleiðslueiningu skipt í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 1. Þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhlutanna mest víkja sem nemur 20 % frá tilgreindri þyngd.
- Taka skal sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.
- Fjöldi hlutasýna: 100.
- Þyngd safnsýnis = 10 kg.
- Ef ekki er hægt að beita sýnatökuaðferðinni, sem lýst er hér að framan, vegna óviðunandi viðskiptalegra afleiðinga sem skemmdir á framleiðslueiningunni hefðu (vegna tegundar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún gefi svo dæmigerð sýni sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún skjalfest.

**G.4. Aðferð við sýnatöku úr brenndum kaffibaunum, brenndu, möluðu kaffi, uppleysanlegu kaffi, lakkrísrot og lakkrísútdrætti (framleiðslueiningar < 15 tonn)**

Fyrir brenndar kaffibaunir, brennt, malað kaffi, uppleysanlegt kaffi, lakkrísrot og lakkrísútdrátt sem er undir 15 tonnum skal styðjast við sýnatökuáætlun þar sem tekin eru 10 til 100 hlutasýni og ræðst fjöldinn af þyngd framleiðslueiningarinnar, sem gefa safnsýni sem er eitt til 10 kg.

Styðjast má við tölurnar í eftirfarandi töflu til þess að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka skal.

Tafla 2

**Fjöldi hlutasýna sem taka skal úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga af brenndum kaffibaunum, brenndu, möluðu kaffi, uppleysanlegu kaffi, lakkrísrot og lakkrísútdrætti**

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
≤ 0,1	10	1
> 0,1 – ≤ 0,2	15	1,5
> 0,2 – ≤ 0,5	20	2
> 0,5 – ≤ 1,0	30	3
> 1,0 – ≤ 2,0	40	4
> 2,0 – ≤ 5,0	60	6
> 5,0 – ≤ 10,0	80	8
> 10,0 – ≤ 15,0	100	10

**G.5. Aðferð við sýnatöku úr brenndum kaffibaunum, brenndu, möluðu kaffi, uppleysanlegu kaffi, lakkrísrot og lakkrísútdrætti sem selt er í lofttæmdum umbúðum**

Taka skal a.m.k. 25 hlutasýni úr framleiðslueiningum sem eru 15 tonn eða þyngri þannig að úr verði 10 kg safnsýni og taka skal 25 % af þeim fjölda hlutasýna, sem tiltekinn er í töflu 2, úr framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn þannig að þyngd safnsýnisins samsvari þyngd framleiðslueiningarinnar sem sýnið er tekið úr (sjá töflu 2).

**G.6. Sýnataka á smásölustigi**

Sýnataka úr matvælum á smásölustigi skal fara fram, ef hægt er, í samræmi við ákvæðin um sýnatöku sem eru sett fram í þessum hluta II. viðauka.

Ef það er ekki hægt má nota aðra aðferð við sýnatöku á smásölustigi, að því tilskildu að hún tryggji að safnsýnið sé nægilega dæmigert fyrir framleiðslueininguna sem sýnið er tekið úr og að henni sé að fullu lýst og hún skjalfest. Í öllum tilvikum skal safnsýnið vera a.m.k. 1 kg (\*).

**G.7. Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta**

- samþykki ef rannsóknarsýnið samræmist ákvæðum um hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef rannsóknarsýnið fer án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.“

(\*). Ef magnið til sýnatöku er svo lítið að ómögulegt er að ná safnsýni sem er 1 kg má safnsýnið veiga minna en 1 kg.

## III. VIÐAUKI

## „K. AÐFERÐ VIÐ SÝNATÖKU ÚR JURTAOLÍU

Þessi sýnatökuaðferð er notuð við opinbert eftirlit með fastsettum hámarksgildum fyrir sveppaeitur, einkum aflatoxín B1, heildarinnihald aflatoxína og searalenón, í jurtaolíu.

## K.1. Aðferð við sýnatöku úr jurtaolíu

- Hlutasýnið skal vege a.m.k. um 100 grömm (ml) (taka skal a.m.k. 3 hlutasýni sem hvert um sig er 350 ml og skal það ráðast af eðli vörusendingarinnar, t.d. jurtaolíu í lausu máli) þannig að úr verði safnsýni sem er a.m.k. 1 kg (lítri),
- Lágmarksfjöldi hlutasýna, sem taka skal úr framleiðslueiningu, er tilgreindur í töflu 1. Hræra skal í allri framleiðslueiningunni eins vandlega og unnt er, annaðhvort handvirkt eða vélvirkt, rétt áður en sýni er tekið. Í þessu tilviki má gera ráð fyrir að dreifing aflatoxíns sé einsleit og því nægir að taka þrjú hlutasýni úr hverri framleiðslueiningu til að mynda safnsýni.

Tafla 1

## Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu

Boðið til sölu	Þyngd framleiðslueiningar (í kg) Rúmmál framleiðslueiningar (í lítrum)	Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal
Í lausu máli (*)	—	3
í þakkningum	≤ 50	3
í þakkningum	> 50 til 500	5
í þakkningum	> 500	10

(\*) Svo fremi hægt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur skal skipta stórum sendingum í lausu máli/framleiðsluhlutum jurtaolíu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 2 í þessum hluta.

Tafla 2

## Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir þyngd framleiðslueininga

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Lágmarksfjöldi hlutasýna	Lágmarksþyngd safnsýnis (kg)
Jurtaolía	≥ 1500	500 tonn	3	1
	> 300 og < 1500	3 framleiðsluhlutar	3	1
	≥ 50 og ≤ 300	100 tonn	3	1
	< 50	—	3	1

## K.2. Aðferð við sýnatöku úr jurtaolíu á smásölustigi

Sýnataka úr matvælum á smásölustigi skal fara fram, ef hægt er, í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í þessum hluta I. viðauka.

Ef því verður ekki við komið má nota aðrar skilvirkar aðferðir við sýnatöku á smásölustigi, að því tilskildu að þær tryggi að safnsýnið sé nægilega dæmigert fyrir framleiðslueininguna sem sýnið er tekið úr og að henni sé að fullu lýst og hún skjalfest. Í öllum tilvikum skal safnsýnið vera a.m.k. 1 kg.

## K.3. Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta

- samþykki ef rannsóknarsýnið samræmist ákvæðum um hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu,
- synjun ef rannsóknarsýnið fer án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til leiðréttingar fyrir endurheimt og mælióvissu.“

(\*) Ef magnið til sýnatöku er svo lítið að ómögulegt er að ná safnsýni sem er 1 kg má safnsýnið vege minna en 1 kg.